


Veitingastaður 2H - Fjörður



Um er að ræða smávægilegar breytingar á veitingastað annarrar hæðar verslunarmiðstöðvarinnar Fjarðar.

Breytingar á veitingastað eru eftirfarandi.

Breytingar

1. Snýrtingar færðar. Rýmið verður nýtt sem aðkoma og þjónustugangur fyrir eldhús. Sprinkler komið fyrir í þessu rými Fjarðar.
2. Nýjum snýrtingum komið fyrir á milligólfi yfir stiga. Salernum og handlaugum er fjölgað í takt við aukinn sætisfjölda. Gestir með hreyfihömlun hafa aðgengi að snýrtingum á 2H og er greið aðkoma að veitingastað með lyftu af fyrstu hæð. Nýjum sprinkler komið fyrir í salernisrými.
3. Vegg/innangi að veitingastað hefur verið breytt og veitingasvæðið sjálft stækkað.

Á veitingasvæðinu er áður samþykkt brunaviðvörðunarkerfi sem er tengt stjórnstöð. Á veitingasvæðinu sem og verslunarmiðstöðinni allri er vatnsúðakerfi. Í háfi yfir eldunarlínu er sjálfvirk slökkvikerfi.

Veitingastaður

Veitingastaður á annarri hæð er veitingahús í flokki II. Hámarksfjöldi gesta er 81 manns og fjöldi starfsmanna er um 2-6 manns. Aðkoma gesta er um rúllustiga/lyftu af fyrstu hæð og aðkoma hreyfihamlaðra um lyftu. Skipulag í sal er skv. teikningu. Ein stór ræsting/þvottur er í uppþvottarými eldhúss og þar er að finna tvöfalt sett af þrífúnaði til þrifa á sal og eldhúsi.

Brunavarnir

Veitingahúsið er í notkunarflokki 2 skv. byggingarreglugerð. Veitingasvæði ásamt eldhúsi er eitt brunahólf. Brunahólfun er EI60. Sjálfvirk slökkvikerfi í eldunarháf, viðurkennt af Mannvirkjastofnun, kemur í stað brunahólfunar eldhúss.

Allar klæðningar lofta og veggja eru í flokki 1 og gólfefni í flokki G. Frá veitingahúsi er flóttaleið inn í stigahús og um inngang veitingastaðar niður á jarðhæð hússins.


Gert er ráð fyrir 81 gesti og eru hvergi meira en 30m í næstu útgönguleið eða brunahólf. Eldhúsið er með úðakerfi og eina útgönguleið ásamt björgunaropi út frá kaffistofu.

Slöngukefli skv. ÍST EN 671 er uppsett á hæðinni. Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 eru staðsett við brunaslöngur sem og í eldhúsi og útgönguleiðir. Staðsetning brunaslanga og slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

Loftræsikerfi skulu vera skv. DS 428 með brunalokum, a.m.k. EI60-CS þar sem loftræsilaugir ganga á milli brunahólfa.

Út og neyðarlýsing er skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og tengdum stöðlum.

Viðurkennt númerað brunaviðvörðunarkerfi er í öllu húsinu skv. ÍST EN 54 og reglum Mannvirkjastofnunar. Stjórnstöð er á jarðhæð og er kerfið tengt viðurkenndri vaktstöð. Þjónustusamningur er í gildi um eftirlit og viðhald á brunavarnarkerfum hússins (brunavarnarkerfi, bruna og reyklokum, reykblásara, handvirkum slökkvibúnaði og inn og út neyðarlýsingu).



Grunnmynd 2hæð

SHS 28.05.2019
Árni Þryg

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
 HAFNARFJARÐAR-
 OG KÖPAVOSSVÆÐIS
 Garðatorgi 5/210, Garðabær
 17.05.2019
Þórunn Þórunn

ASK ARKITEKTAR EHF.
 GEIRSGÓTU 9 101 REYKJAVÍK
 Sími 515 0300 FAX 515 0319
 www.ask.is

ASK
 HÖNNUNARSTJÓRI
 ÞÓRSTEYNI HELGASON KT. 150556-6319

05. júlí 2019

ASK
 ARKITEKTAR

VERK NR.	AUÐKENNI - NÚMÉR TEIKNINGAR	ÚTGÁFA
1570	10-02	
TEGUND TEIKNINGAR	SKV. I. A2:	1:100
Aðalteikning	HANND:	HUÓ
HEITI TEIKNINGAR	TEIKNAD:	HI
Grunnmynd 2.hæð	YFIRF.	PH
	DAGS.	28.05.2019

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR ER HÁÐ SAMÞYKKI ASK ARKITEKTA, EKKI SKAL MÆLA UPP AF TEIKNINGU.